

Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort áfallastreita væri til staðar meðal sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna og hvort þörf væri á stuðning fyrir þessar starfsstéttir. Erlendar rannsóknir sýna að starfstengd streita sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna getur þróast í áfallastreitu og valdið þeim erfiðleikum við líf og störf.

Við gerð rannsóknarinnar var notað meginleggt rannsóknarsnið. Í úrtaki voru allir sjúkraflutninga- og slökkviliðsmenn starfandi á Akureyri, Húsavík og Ísafirði, alls 50 starfsmenn. Spurningalistar voru sendir á slökkviliðsstöðvar ofantaldra staða og stóð rannsóknin yfir í tvær vikur. Fjörutíu einstaklingar svöruðu eða 80%. Spurningalistinn var hannaður af rannsakendum með hliðsjón af tveimur erlendum mælitækjum er meta áfallastreitu samkvæmt greiningarskilyrðum DSM-IV á áfallastreitu.

Helstu niðurstöður voru að 60% fundu fyrir streitu í starfi og voru 10% þátttakenda með fulla greiningu fyrir áfallastreitu. Alls voru 40% með fimm eða fleiri einkenni áfallastreitu en það þurfti sjö einkenni til greiningar. Langflestir höfðu þörf fyrir að ræða alvarlega atvik tengd starfi og var algengast að þeir ræddu við samstarfsaðila. Meirihluti þátttakenda taldi þörf fyrir stuðning í starfi og þá helst á fyrstu fimm árunum. Algengasta form stuðnings sem var í boði, var aðgangur að áfallateymi en minnihluti þátttakenda hafði nýtt sér þá þjónustu.

Abstract

The aim of this research was to investigate the prevalence of Post Traumatic Stress disorder (PTSD) and need for support amongst Emergency Medical Technicians and Firefighters. Research in other countries has shown, that occupational stress can evolve into PTSD and cause restraints both occupationally and on daily basis.

A quantitative research design was applied. The sample consisted of emergency medical technicians and firefighters working in Akureyri, Húsavík and Ísafjörður. A questionnaire were sent out to the departments in each place and returned in two weeks. There were 40 participants and the response rate was 80%. The questionnaire was designed by researchers taking into consideration two foreign questionnaires that measure PTSD according to Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM-IV).

The main results were, that 60% of the participants experienced stress in relation to their job. To be diagnosed with a full criteria for PTSD, participants needed at least seven symptoms. Of the 40 participants, 10% had diagnosis and 40% had five symptoms or more. Most participants felt the need to discuss difficult work related events and most chose to speak to a colleague. When participants were asked about the need for support in their occupation, over half considered it necessary, especially the first five years. The most common support offered was access to local traumateam but only few had used that kind of service.